



Borgarráð

Tennishús í Laugardal

Lagt er til að skipaður verði starfshópur um yfirferð á fyrirbyggjandi þarfagreiningu vegna tennishúss í Laugardal með fulltrúum ÍBR, TBR og tennisfélögum.

Greinargerð

Á fundi borgarráðs 3. september 2020 var samþykkt að forgangsörðun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja, sem fram kemur í skilabréfi stýrihóps um stefnu í íþróttamálum, verði höfð til hliðsjónar við undirbúning 10 ára fjárfestingaráætlunar Reykjavíkurborgar. Tennishús í Laugardal var eitt þeirra verkefna sem raðaðist ofarlega í forgangsörðinni.

Fyrir liggja ýmsar tillögur og gögn varðandi hugmyndir um íþróttaaðstöðu í Laugardal svo sem þjóðarleikvang í knattspyrnu, þjóðarhöll fyrir inniþróttir, íþróttshús fyrir Ármann og Þrótt, stækkun Skautasvells, þjóðarleikvang í frjálsum íþróttum, tennishöll, endurbygging Laugardalslaugar og náttúruvísindasafn í Fjölskyldugarðinum.

Þá hafa komið fram hugmyndir um lagningu gervigrass á æfingaaðstöðu Þróttar ásamt endurnýjun á keppnisvelli félagsins. Verkefnið felur í sér að bæta aðstöðu fyrir iðkendur í knattspyrnu.

Mikilvægt er að borgin móti heildarsýn fyrir skipulag Laugardalsins sem taki mið af þessum metnaðarfullu áformum og geri tillögu um fyrirkomulag og staðsetningu einstakra íþróttamannvirkja en taki einnig mið af mikilvægri stöðu Laugardalsins sem útivistarsvæðis og tryggi aðgengi almennings og hverfisbúa að honum.

Dagur B. Eggertsson